



Minnisblað

24.05.2017

Tilfni

Breytingar á leið 21

Höfundur


Valgerður Gréta Benediksdóttir

NÚVERANDI STAÐA

Leið 21 ekur í dag milli kl. 6:45 – 20:45, mánudaga – laugardaga, frá Mjódd að Firði á hálf tíma tíðni. Engin akstur er á sunnudögum. Leiðin hefur í dag m.a. viðkomu á Vífilstöðum, í Kaupúni, iðnaðarhverfinu á Hrauninum, Álfaskeið á leið sinni frá Mjódd að Firði. Í dag er lang stærstur hluti innstiga við endastöðvar leiðarinnar um 22% (147 á virkum dögum og 72 um helgar) í Firði á virkum dögum og laugardögum og um 37% (249 innstig) á virkum dögum í Mjódd og 38% (128 innstig) á laugardögum (mars 2017).

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM

Tillögurnar sem hér verða lagðar fram ganga út á að láta leið 21 aka nær aðsetrum Sýslumanns við Hlíðasmára og að Smáralind án þess að bæta við vagni á leiðina. Einnig er lagt til að þjónustutími leiðarinnar verði lengdur þannig að hann verði eins og tíðkast almennt í leiðakerfinu.



Til þess að ná því að aka leiðina áfram á 2 vögnum þarf að stytta akstursleiðina annarsstaðar á leiðinni til að þetta sé mögulegt. Hér er lagt til að leiðin verði stytt á Hrauninum í Hafnarfirði og myndi aka Flatahraun í stað þess að aka að Fjarðarkaupum.

Það að stytta leiðina á Hrauninum þýðir að vegalengd frá stoppistöðvum leiðar 21 lengist fyrir farþega sem ætla að fara að iðnaðarsvæðinu og Fjarðarkaupum. Ef sett yrði upp ný stoppistöð við Kaplahraun yrði um 600 m gangur að Fjarðarkaupum. Um 2% innstiga (15 innstig) á virkum dögum í mars 2017 voru við Fjarðarkaup og um 1% (5 innstig) á laugardögum. Um 5% innstiga (33 innstig) á virkum dögum og 6% (20 innstig) á laugardögum



voru við Bæjarhraun, við þessar breytingar myndi næsta stoppistöð leiðar 21 vera í um 550m frá núverandi stoppistöð við Bæjarhraun.

Einnig er lagt til að auka þjónustutíma leiðarinnar þannig að hún aki til kl. 23:30 alla daga vikunnar, einnig á sunnudögum.

Þessi breyting á akstursleið myndi tengja skrifstofur Sýslumanns og Smáralind betur við Hafnarfjörð og Kaupþún, aukinn þjónustutími leiðarinnar myndi einnig auka þjónustuna við m.a. Kaupþún til muna. Farþegar gætu ferðast að fyrirtækjum og verslunum í Kaupþúni frá opnun og fram að lokun alla daga vikunnar. Í mars 2017 voru 11% innstiga (71 innstig) leiðarinnar við stoppistöðvarnar IKEA og Kaupþún og 19% innstiga (63 innstig) á laugardögum.

KOSTNAÐARLEG ÁHRIF

Kópavogsbær borgar í dag ekkert í leið 21, nema hlutfallslegan kostnað sem deilist á öll bæjarfélög (af 10% af heildarkostnaði leiðar).

Árlegur kostnaður leiðar 21 í milljónum króna						
	Garðabær	Hafnarfj.	Rvk.	Kóp.	Heildarkostnaður í dag	Skv. Remix
Leið 21 í dag	46	30	18		94	94
Breytt leið 21 + aukinn þjónustutími	50	29	15	29		123
Aukinn/minnkaður kostn. bæjarf. við breytingu	4	-1	-3	29		

Ef akstursleið yrði einungis breytt þannig að leið 21 myndi aka að Smáralind og akstur yrði stytur á Hrauninum í Hafnarfirði en þjónustutími ekki aukin, myndi kostnaðarskiptingin breytast svo:

Árlegur kostnaður leiðar 21 í milljónum króna						
	Garðabær	Hafnarfj.	Rvk.	Kóp.	Heildarkostnaður í dag	Skv. Remix
Leið 21 í dag	46	30	18		94	
Breytt leið 21 óbreyttur þjónustutími	41	24	7	23		94
Aukinn/minnkaður kostn. bæjarf. við breytingu	-4	-7	-11	23		